

## 7. gr.

Stofnunin tekur ekki gjald fyrir samningagerð, ýmsa upplýsingamiðlun, aðstoð við minniháttar upplýsingaleit o.s.frv.

## 8. gr.

Stofnuninni er heimilt að vinna eftir föstum verktíloðum eða verksamningum og er þá stuðst við taxa sbr. 1. gr. gjaldskrárinnar.

## 9. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hluta eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá yfir efna- og örverurannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, nr. 80/1989.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 15. nóvember 1989.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Gylfi Gautur Pétursson.*

## AUGLÝSING

### um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s.l. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

1. Matsverð fasteigna á landinu öllu hækki um 18% og verði framreiknistuðull samkvæmt því 1,18. Undanskildar eru þó eftirtaldar fasteignir, sbr. 2. og 3. tl. hér á eftir.
2. Matsverð atvinnuhúsa og atvinnulóða hækki um 5% og verði framreiknistuðull samkvæmt því 1,05.
3. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, annarra en íbúðarhúsa í dreifbýli í eftirtöldum sveitarfélögum, hækki sem hér segir:  
Kjalarneshreppur 35%  
Mosfellsbær og Húsavík 25%  
Keflavík, Njarðvík, Grindavík og Akranes 12%,  
og verði framreiknistuðlar samkvæmt því í Kjalarneshreppi 1,35,  
Mosfellsbæ og Húsavík 1,25,  
Keflavík, Njarðvík, Grindavík og Akranesi 1,12.
4. Við framreikning á ofangeindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum um einstakar tegundir fasteigna.
5. Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatverð samkvæmt fasteignamatsskrá þeirri sem gildi tók 1. desember 1988 ásamt síðari breytingum ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatnefnd.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftareglum sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignamatsskrár innihalda einnig þær matsbreytingar er Fasteignamat ríkisins hefur gert á einstökum eignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærur er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti, Fasteignamatsskrár munu liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. desember n.k. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skráum Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1989.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 502 25. nóvember 1988.

*Fjármálaráðuneytið, 20. nóvember 1989.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

*Björn Hafsteinsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi fyrir Hrísey 1988–2008.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 16. október 1989 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi fyrir Hrísey 1988–2008.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Hreppsnefnd Hríseyjarhrepps hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. nóvember 1989.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*